

Samantekt um nokkur atriði er varða starfshætti nefnda

Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar kjörtímabilið 2018-2022 voru kosnir fulltrúar til að starfa í fastanefndum bæjarstjórnar. Í samantekt þessari verða kynntar helstu reglur um starfsemi og starfshætti nefnda sem gott og nauðsynlegt er að hafa í huga, nú í upphafi kjörtímabilsins.

1. Kosning í nefndir - kjörgengi

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir eftir því sem mælt er fyrir um í lögum og samþykkt um stjórn sveitarfélagsins og veitir þeim lausn frá störfum. Kjörtímabil nefnda er það sama og bæjarstjórnar nema annað sé ákveðið í lögum eða af sveitarstjórn.

Við kosningu í nefndir eru þeir einir kjörgengir sem eiga kosningarétt í sveitarfélaginu en samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna eru það þeir sem eru íslenskir ríkisborgarar, eiga lögheimili í Garðabæ og hafa náð 18 ára aldri þegar kosningar fóru fram. Erlendir ríkisborgarar sem dvalið hafa hér á landi um tiltekinn tíma geta átt kosningarétt og eru því kjörgengir í nefndir.

Missi menn kosningarétt s.s. vegna flutninga úr bænum ber nefndarmönnum að biðjast lausnar frá störfum.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir og stjórnir þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá og gildir það jafnt um stjórnendur sem og aðra starfsmenn stofnana.

Bæjarstjórn er heimilt að skipta um fulltrúa í nefndum hvenær sem er á kjörtímabilinu, svo sem þegar nefndarmenn njóta ekki lengur trausts meirihluta bæjarstjórnar. Þá er fulltrúum í nefndum heimilt að segja af sér nefndarstörfum hvenær sem er á kjörtímabilinu. Úrsögn úr nefnd, s.s. ef nefndarmaður missir kjörgengi eða óskar lausnar sjálfur skal fara þannig fram að viðkomandi aðili ber fram erindi við bæjarráð og óskar lausnar frá störfum.

Kosning nýs fulltrúa fer þá fram í bæjarstjórn

2. Varamenn

Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal hann boða varamann í sinn stað er tekur sæti hans á nefndarfundum. Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Í þeim tilvikum sem varamenn taka sæti við meðferð einstaks máls vegna vanhæfi aðalmanns tekur aðalmaður sæti að nýju að lokinni afgreiðslu málsins. Í öðrum forföllum

aðalmanns taka þau til fundarins í heild eða til loka hans hafi varamaður tekið sæti eftir fundur hófst.

Þegar aðalmaður forfallast á varanlegan hátt tekur varamaður sæti hans, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

3. Verkefni og valdsvið nefnda

Sveitarstjórn ákveður valdsvið nefnda, nema það sé ákveðið í lögum.

Nefndir á vegum bæjarstjórnar starfa í umboði bæjarstjórnar og eru undirnefndir hennar. Fundargerðir nefnda eru lagðar fram í bæjarstjórn til kynningar. Í þeim tilvikum sem nefndir samþykkja ályktun eða gera tillögur um afgreiðslur mála skulu þær sendar bæjarráði í sérstöku erindi sem afgreiðir málið eða gerir tillögu til bæjarstjórnar um afgreiðslu þess.

Verkefni nefnda eru fyrst og fremst pólitísk stefnumörkun í viðkomandi málaflokki og að fylgjast með að henni sé framfylgt. Rekstur stofnana eða fyrirtækis, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar er hinsvegar á ábyrgð viðkomandi forstöðumanns eða eftir atvikum sviðsstjóra. Eðlilegt er að tillaga að fjárhagsáætlun sé lögð fram í nefnd til að nefndin geti sannreynt að hún sé í samræmi við markmið bæjarstjórnar í viðkomandi málaflokki. Forstöðumaðurinn er ábyrgur innan embættiskerfisins fyrir rekstrinum og ábyrgur gagnvart sínum næsta yfirmanni eða bæjarstjóra. Það er ekki hlutverk nefnda að hafa afskipti af daglegum rekstri fyrirtækis eða stofnunar, nema í þeim tilvikum sem hann verður ekki talinn vera í samræmi við þá pólitísku stefnumörkun er bæjarstjórn hefur markað í viðkomandi málaflokki.

Nefndir hafa ekki beint boðvald gagnvart starfsmönnum bæjarins, en í sveitarstjórnarlögum kemur skýrt fram að bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsmanna.

Bæjarstjórn hefur í samræmi við samþykkt um stjórn bæjarins sett flestum nefndum erindisbréf þar sem nánar er lýst valdsviði og verkefnum þeirra.

4. Fyrsti fundur, fundarstaður og stjórnun funda

Hafi bæjarstjórn kosið sérstakan formann boðar hann til fyrsta fundar nefndarinnar. Að öðrum kosti boðar bæjarstjóri til fyrsta fundar og fer þá fram kosning formanns, varaformanns og ritara. Formaður nefndar stjórnar fundi og samkvæmt sveitarstjórnarlögum er almennt gert ráð fyrir að fundir séu haldnir fyrir luktum dyrum. Bæjarstjórn hefur samþykkt að setja reglur um að fundir fastanefnda bæjarstjórnar verði almennt haldnir í heyrandi hljóði og opnir. Í reglunum skulu sett ákvæði um meðferð óska um opna fundi og skilyrði þess að heimilt sé að halda opna fundi. Viðkomandi nefnd sker úr um hvort mál á dagskrá fundar heimili opinn fund.

Venja hefur skapast um það að formenn nefnda undirbúi fundi í samráði við forstöðumenn viðkomandi stofnunar eða málaflokks. Forstöðumaður hefur málfrelsi á nefndarfundum og getur komið athugasemdum sínum þar að s.s. ef mál heyrir ekki undir nefndina.

Á dagskrá nefndarfunda skal taka mál er berast nefndinni og heyra undir verksvið hennar. Geta þar verið um að ræða erindi frá bæjarstjórn, fyrirtækjum eða einstaklingum. Einstaka nefndarmenn geta líka óskað eftir að mál séu tekin á dagskrá funda og sé það gert með hæfilegum fyrirvara er skylt að verða við því.

Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt þess sé ekki getið í fundarboði enda samþykki 2/3 fulltrúa fundarins slíkt afbrigði. Fari nefndarmaður fram á frestun á afgreiðslu slíks erindis, er eðlilegt að verða við því sbr. 2. mgr. 38. gr. samþykkta um stjórn Garðabæjar er varðar afgreiðslu mála í bæjarráði.

Dagskrá skal vera lýsandi um þau mál sem taka á fyrir og í fundargátt geta nefndarmenn nálgast gögn fundarins. Í sumum tilvikum liggja ekki öll gögn fyrir þegar fundur er boðaður, en gæta skal þess að nefndarmenn hafi aðgang að öllum gögnum í fundargátt eða á fundinum er varðar viðkomandi mál. Í störfum sínum fer nefnd með skyldur sem stjórnvald og ber sem slíku að gæta að því að fylgt sé leiðbeiningarskyldu og rannsóknarreglu stjórnsýslulaga um að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

Nefnd getur kvatt á sinn fund starfsmenn Garðabæjar ef hún telur þess þörf.

Almennt hafa nefndir ekki fasta fundartíma, en nefndir geta sett sér reglu í þessu sambandi og eru mörg dæmi um fasta fundartíma nefnda. Nýr fjölnotasalur fundarsalur á Garðatorgi 7 verður tekin í notkun haustið 2018 þar sem verður góð aðstaða til að halda nefndarfundum og verður hægt að velja um mismunandi stærðir af herbergjum. Á bæjarskrifstofunum er einnig góð aðstaða fyrir nefndir til að halda fundum. Í öllum tilvikum þarf að bóka fundarherbergi með góðum fyrirvara hjá starfsmönnum skrifstofunnar.

Fundir nefnda skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og er dagskrá ásamt fundargögnum send nefndarmönnum með rafrænum hætti.

Í störfum sínum skal nefnd gæta þess að mál séu afgreidd svo fljótt sem unnt er og ef afgreiðsla dregst skal nefnd tilkynna það málsaðilum og gefa skýringar.

5. Fundargerðir

Fundargerðir allra nefnda bæjarins eru færðar í sérstöku fundargerðakerfi sem tengist skjalakerfi bæjarins. Öll mál sem tekin eru fyrir á fundum hafa sitt málanúmer og í fundargátt sem nefndarmenn hafa aðgang að er hægt að nálgast öll gögn sem tengjast fyrirtækt málsins á fundum.

Fundargerðakerfið tryggir staðlaðan texta í fundargerðinni þar sem eftirfarandi kemur fram.

- Fundarstaður er tilgreindur.
- Númer fundarins er tiltekið.
- Fundartími, -dagur, mánuður ár - kl., er tilgreint.
- Upplýsingar um þá sem sátu fundinn bæði nefndarmenn og starfsmenn.

- Dagskrárliðir bera heiti máls í málaskránni en sá sem boðar fund getur breytt því.
- Fundarritari skráir meginefni mála sem tekin eru fyrir, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett og skrá skal sérstaklega með skýrum hætti hvaða afgreiðslu þau hljóta.

Umræður og langar greinargerðir um mál sem eru til meðferðar skal ekki bóka.

Fundarritari skal í lok fundar sjá til þess að fundargerðin sé lesin upp og að fram fari undirritun fundarmanna til staðfestingar á því að svo hafi verið gert.

Að loknum fundi gengur fundarritari frá endanlegri fundargerð, sendir til aðal- og varafulltrúa og staðfestir birtingu hennar í fundargerðarkerfi á vefsíðu Garðabæjar.

Fundargerðir eru síðan lagðar fram til kynningar en ekki samþykktar í bæjarstjórn og fylgja dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Í þeim tilvikum sem samþykktar eru ályktanir, tillögur eða afgreiðslur sem fela í sér fjárútlát er formaður nefndarinnar eða eftir atvikum viðkomandi starfsmaður bæjarins ábyrgur fyrir því að slík mál séu lögð fyrir bæjarráð með sérstöku erindi.

Á vef Garðabæjar eru birtar fundargerðir bæjarráðs og bæjarstjórnar, ásamt fundargerðum nefnda.

6. Réttindi og skyldur fulltrúa í nefndum.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli.

Nefndarmaður er einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni um afstöðu til einstakra mála og ber að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi. Vilji nefndarmaður koma sjónarmiðum sínum á framfæri í fundargerð, á hann rétt á að fá bókaðar stuttar athugasemdir sínar um afstöðu til þeirra mála, sem til umræðu eru. Slíkar bókanir skulu gerðar meðan á fundi stendur og lesnar upp á fundinum. Með öllu er óheimilt að taka við slíkum bókunum og færa í fundargerð eftir fund.

Nefndarmenn skulu hafa aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins er varða þau mál sem til umfjöllunar eru og nefndinni ber að taka afstöðu til. Nefndarmenn skulu gæta þagnarskyldu um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af störfum.

Nefndarmenn eiga rétt á greiðslu hæfilegrar þóknunar fyrir störf sín. Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt sérstakar reglur um greiðslur í þessu sambandi og eru greiðslur til nefndarmanna eftirfarandi.

Greiðsla fyrir hvern fund (formaður)	kr. 41.574,-
“ “ (alm. nefndarm.)	kr. 29.101,-

Föst þóknun er greidd mánaðarlega til nefndarmanna í skipulagsnefnd, skólanefnd og fjölskylduráði.

Greiðsla til almennra nefndarmanna	kr. 29.101,-
Greiðsla til formanna	kr. 37.416,-

Þá fá formenn leikskólanefndar, íþrótt- og tómstundaráðs, umhverfisnefndar, menningar- og safnanefndar, forvarnanefndar og nefndar um málefni eldri borgara greidda mánaðarlega þóknun að fjárhæð kr. 29.101,-.

Í þeim tilvikum sem nefnd ákveður að stofna vinnuhóp nefndarmanna um tiltekin mál, gildir almennt sú regla að ekki er greitt sérstaklega fyrir slíkt. Horft er til þess að almenn nefndarþóknun taki til slíkra starfa milli funda. Sama á við um aukastörf formanns milli funda s.s. þegar hann tekur að sér að fylgja eftir málum við stofnanir eða á annan hátt.

Skipi bæjarstjórn sérstaklega verkefnahóp fyrir tiltekið málefni er þóknun greidd með sama hætti og í almennum nefndum.

7. Hæfi nefndarmanna

Nefndarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að afstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Nefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli á því. Í þeim tilvikum sem nefndarmenn eru starfsmenn Garðabæjar og hafa sem slíkir komið að undirbúningi máls, eru þeir alltaf vanhæfir þegar nefnd fjallar um málið, á síðara stigi. Nefndarmaður er lýsir sig vanhæfan við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal nefndarinnar við meðferð og afgreiðslu málsins.

Í sveitarstjórnarlögum er tilgreind eftirfarandi regla um hæfi til þátttöku og afgreiðslu mála.

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélaga til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í lögum þessum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar, nema strangari regla sé sett í samþykkt um stjórn og fundarsköp. Þá verður starfsmaður sveitarfélags ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Góð regla er að víkja í máli sem nefndarmenn tengjast þannig öllum vafa sé eytt um að fyrir hendi séu að aðstæður sem eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni hans í efa.

8. Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla

Fundur þarf ávallt að hafa verið boðaður með réttum hætti og fyrirvara sem áskilinn er til að teljast löglegur.

Nefnd telst ekki starfhæf nema meira en helmingur nefndarmanna sé viðstaddur á fundi. Á nefndarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og telst hjáseta þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Við bókun á atkvæðagreiðslu skal lýst niðurstöðu t.d. þannig: “Samþykkt með 3 atkvæðum gegn 2”, “Samþykkt með 4 samhljóða atkvæðum eða “Samþykkt” ef allir greiddu atkvæði með tillögunni. Almenn er ekki lýst afstöðu einstakra fundarmanna við atkvæðagreiðsluna nema sérstök ósk komi fram um það frá viðkomandi nefndarmanni. Nefndarmenn eiga rétt á að leggja fram bókun með atkvæði sínu þar sem afstöðunni er nánar lýst.

Almenn fundarsköp ráða því í hvað röð tillögur eru bornar upp, komi fram fleiri en ein tillaga um mál. Þannig er breytingartillaga við aðaltillögu borin upp á undan aðaltillögu. Sé breytingartillagan samþykkt er aðaltillagan borin upp þannig breytt. Komi fram margar breytingartillögur er sú sem felur í sér mest frávík frá aðaltillögu borin upp fyrst. Oft geta komið upp álitamál um hvaða tillögur ganga lengst og getur þá komið til þess að bera tillögur upp í þeirri röð sem þær berast.

9. Framsal til nefnda á valdi til fullnaðarákvörðunar mála

Í sveitarstjórnarlögum er mælt fyrir um heimild til að fela fastanefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins. Slíkt framsal er gert í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari meðferð mála sem til umfjöllunar og afgreiðslu eru í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur með sérstakri samþykkt falið mannréttinda- og forvarnanefnd, íþrótt- og tómstundaráði og menningar- og safnanefnd að annast, án staðfestingar bæjarráðs eða bæjarstjórnar, afgreiðslu styrkveitinga til einstaklinga, félagasamtaka sem heyra undir málflokka viðkomandi nefnda. Ávallt þarf þó að gæta að styrkveiting sé innan ramma fjárhagsáætlunar.

10. Siðareglur kjörinna fulltrúa

Bæjarstjórn hefur samþykkt sérstakar siðareglur sem gilda fyrir kjörna fulltrúa hjá Garðabæ. Í siðareglunum er fjallað um mikilvæga þætti sem varða skilgreiningu á hátterni og viðmóti sem ætlast er til að kjörnir fulltrúar sýni af sér við störf sín fyrir Garðabæ. Fulltrúar í nefndum Garðabæjar eru hvattir til að kynna sér reglurnar og hafa í heiðri þær grundvallarreglur sem þær mæla fyrir um hvað varðar góða stjórnsýslu og starfshætti í nefndum Garðabæjar. Reglurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar

11. *Samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar*

Samþykkt um stjórn Garðabæjar og er frá árinu 2013 en hún var birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 773 frá 13. ágúst 2013. Breyting var gerð á samþykktinni í nóvember 2014 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1059/2014. Þá var gerð breyting á samþykktinni í janúar 2017 en hún var birt í B-deild Stjórnartíðinda nr. 20/2017

Samþykktin er sett með vísan til 9. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að sveitarstjórnnum beri að setja sér sérstaka samþykkt um stjórn og stjórnsýslu sveitarfélagsins. Í samþykktinni skal einnig kveðið á um fundarsköp bæjarstjórnar og nefnda hennar.

Í samþykktinni kemur fram að bæjarstjórn Garðabæjar skuli vera skipuð 11 bæjarfulltrúum.

Í VI. kafla samþykktanna er sérstaklega fjallað um fastanefndir ráð og stjórnir og aðrar nefndir en bæjarráð.

Fastanefndir bæjarstjórnar aðrar en bæjarráð eru:

Fjölskylduráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Fjölskylduráð skal annast störf þau sem barnaverndarnefnd og jafnréttisnefnd eru falin skv. lögum nr. 80/2002 og lögum nr. 10/2008.

Mannréttinda- og forvarnanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar um erindbréf fyrir nefndina frá 4. september 2014. Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar sem haldinn var 21. júní 2018 var samþykkt að leggja nefndina niður. Það hlutverk sem nefndin hefur haft færist til íþrótta- og tómstundaráðs.

Íþrótta- og tómstundaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt reglugerð samþykktri í bæjarstjórn þann 26. nóvember 1987.

Kjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Leikskólanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.

Menningar- og safnanefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 13. júní 2002 og 7. gr. laga um almenningubókasöfn nr. 36/1997.

Nefnd um málefni eldri borgara. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 13. júní 2002.

Á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar sem haldinn var 21. júní 2018 var samþykkt að leggja nefndina niður. Það hlutverk sem nefndin hefur haft færist til fjölskylduráðs.

Skipulagsnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd skal jafnframt gegna hlutverki umferðarnefndar, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Skólanefnd grunnskóla. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Skólanefnd tónlistarskóla. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Umhverfisnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 28. janúar 1988.

12. Lokaorð

Ofangreind atriði eru tekin saman til að vera fulltrúum í nefndum á vegum bæjarstjórnar Garðabæjar til leiðbeiningar í störfum sínum að málefnum bæjarins. Í stjórnkerfi sveitarfélaga fara nefndir með viðamikið hlutverk í allri stefnumörkun og í mörgum tilvikum er þeim falin ákvörðunartaka og endanleg afgreiðsla mála. Það er því mjög mikilvægt að nefndir temji sér góða reglu í störfum sínum, fari að lögum og samþykktum bæjarins við afgreiðslu mála. Slíkt stuðlar að vandaðri, trúverðugri og skilvirkri stjórnsýslu bæjarfélagsins, sem er til þess fallin að vekja traust hjá hinum almenna borgara, fyrirtækjum í bæjarfélaginu og almennum viðskiptamönnum bæjarins.

Meginreglur um starfshætti nefnda er að finna í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013 með síðari breytigum. Þá gilda um starfsemi nefnda reglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993, en í 2. mgr. 1. gr. þeirra laga segir að lögin gildi þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt og skyldu manna.

Um einstaka nefndir gilda síðan ákvæði sérлага er varða málaflokka þá er þær fjalla um.

Þá má einnig nefna upplýsingalög nr. 50/1996, en þau mæla fyrir um skyldur stjórnvalds til að veita almenningi aðgang að gögnum sem varða tiltekin mál, án þess að sá er beiðist upplýsinga tengist málinu.

Samantekt þessi byggir að meginhluta á sambærilegu efni er undirritaður hefur áður tekið saman, en jafnframt er stuðst við rit Gunnars Eydal er hann nefnir *Sveitarstjórnarréttur, fundir og fundarsköp*, Sambandi ísl. sveitarfélaga árið 2006.

Garðabæ, 25. júní 2018

Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.